

AUGLÝSING

um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1999-2000.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum og samkvæmt tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1999-2000, verði kr. 131,25 á hvert kg af dilkakjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.

27. september 1999

Nr. 628

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:		kg	%	kr./kg
0702.9000 Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.10.-31.10.99	ótilgr.	15	30
Tollnúmer:				
0702.0001 Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.00	ótilgr.	0	0
0702.0002 Tómatar, nýir eða kældir	11.10.-17.10.99	ótilgr.	22,5	149
0702.0002 Tómatar, nýir eða kældir	18.10.-31.10.99	ótilgr.	15	99
0704.2000 Rósakál	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0704.9004 Spergilkál	25.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0704.9005 Fóðurmergskál	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0704.9009 Annað	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0705.1111 Jöklasalat	01.11.-15.03.00	ótilgr.	0	0
0705.1112 Jöklasalat	01.10.-31.10.99	ótilgr.	30	0
0705.1191 Annað (salat)	01.11.-15.03.00	ótilgr.	0	0
0705.1199 Annað (salat)	01.10.-31.10.99	ótilgr.	15	97
0705.1900 Annað	01.10.-31.10.99	ótilgr.	15	97
0705.1900 Annað	01.11.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0705.2100 Kaffifíflsblöð	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0705.2900 Annað	01.10.-31.10.99	ótilgr.	15	97
0705.2900 Annað	01.11.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0706.1000 Gulrætur og næpur	01.10.-15.03.00	ótilgr.	22,5	102
0706.9001 Gulrófur	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0
0706.9009 Annars	01.10.-15.03.00	ótilgr.	30	0